



Aðgerðaáætlun Akraneskaupstaðar

VEGNA INNLEIÐINGAR BARNASÁTTMÁLANS

AKRANESI 2024

SAMÞYKKT Í BÆJARSTJÓRN AKRANESKAUPSTAÐAR ÞANN
10. DESEMBER 2024



unicef 
fyrir öll börn

AKRANESKAUPSTAÐUR

Efnisyfirlit

Orðskýringar.....	5
Barnvæn sveitarfélög.....	6
Innleiðingarferli Barnvænna sveitarfélaga.....	6
Greinargerð vegna stöðumats.....	8
Leiðbeinandi spurningalistar.....	9
Spurningakannanir.....	10
Barna- og ungmennanæing.....	12
Sérfræðihópar barna.....	16
Aðgerðaáætlun Akraneskaupstaðar 2023 - 2025.....	20
1. Farsælt frístundastarf fyrir öll börn.....	21
2. Bæklingur um íþrótt- og tómstundastarf barna.....	22
3. Útikennslusvæði í Skógrækt.....	23
4. Fræðsla um barnavernd- og farsældarþjónustu.....	24
5. Réttindafræðsla í skólum og samfélagsverkefni.....	25
a. Þátttaka er samvinna.....	25
b. Draumaskólinn.....	26
c. Krakkar með krökkum.....	26
6. Aukin fræðsla fyrir börn og ungmenni á Akranesi.....	28
7. Forvarnarverkefni fyrir foreldra barna í leik- og grunnskólum – Invest in Play....	29
8. Farsælt foreldrasamstarf og forvarnarfræðsla fyrir foreldra barna og ungmenna á Akranesi.....	30
9. Leiktæki fyrir fötluð börn.....	31
10. Spjallaraverkefni.....	32
11. Stækkun sleðabrekku.....	33
12. Ungmennaráð Akraneskaupstaðar.....	34
13. Skipan tengiliðs á fjármalasviði fyrir verkefni tengd barnavænu sveitarfélagi..	37
14. Bæjarhátíðir í barnvænu sveitafélagi.....	38
15. Barna- og ungmennanæing – verklag.....	39

16.	Samskiptavettvangur barna og sveitarfélagsins.....	40
17.	Yfirfara stefnur og áætlanir Akraneskaupstaðar m.t.t. réttinda barna	42
	Samantekt	43

Orðskýringar


<i>Aðgerðaráætlun</i>	Aðgerðaráætlun fjallar um þau verkefni sem vinna skal að til að ná tilteknum markmiðum. Þar er skilgreint hver ber ábyrgð á aðgerðinni og hver hefur umsjón með framkvæmd þess.
<i>Aðgerð</i>	Aðgerð er leið að markmiði
<i>Ábyrgð</i>	Ábyrgðaraðilar markmiða, bera endanlega ábyrgð.
<i>Árangur</i>	Árangursviðmið eru sett fram í samfelldu máli. Árangursviðmiðin eru vísbendingar um að aðgerðir séu í vinnslu samkvæmt markmiði og/eða markmiðum þeirra mætt.
<i>Innleiðing</i>	Skipulag um framkvæmd og innleiðingu stefnu.
<i>Kortlagning</i>	Grundvöllur aðgerðaáætlunar verkefnisins og býr til ramma fyrir gagnaöflun sem stuðst er við í innleiðingarferlinu.
<i>Könnun</i>	Með könnun (skoðanakönnun eða spurningakönnun) er safnað saman upplýsingum og gögnum um skoðanir, viðhorf og þekkingu frá einstaklingum og hópum.
<i>Markmið</i>	Markmið eru sett fram í samfelldu máli, ýmist huglæg eða hlutlæg.
<i>Tímarammi</i>	Aðgerðir ber að framkvæma innan tilsetts tímaramma. Sumar aðgerðir eru ávallt í framkvæmd.
<i>Umsjón</i>	Umsjónar- og framkvæmdaaðilar aðgerða, bera ekki endanlega ábyrgð.
<i>Samráð</i>	Hagsmunaaðilar sem málið varðar, innan og utan stjórnkerfisins. Þátttaka þeirra stuðlar að betri samstöðu og eykur líkur á að markmið náist.
<i>Stýrihópur</i>	Stýrir vinnunni sem bakhjarl og verkefnishópur. Skipaður fulltrúum frá flestum sviðum bæjarins ásamt pólitískum fulltrúum og fulltrúum úr ungmennaráði. Skilar skýrslu til UNICEF, þar sem farið verður yfir ferli innleiðingarinnar og hvernig framkvæmd miðar.
<i>Stöðumat</i>	Aflað er víðtækra upplýsinga um viðfangsefnið og umhverfi þess. Komist er að samkomulagi eða sameiginlegri sýn á hver staðan er.
<i>Verkefnastjórar</i>	Sá sem leiða stýrihópinn áfram að lokaafurð. Verkefnisstjórnarnir samhæfa störf stýrihópsins, eru tengiliðir við umboðsaðila og bera ábyrgð gagnvart honum/henni. Verkefnisstjórar haf yfirsýn yfir verkefnið og útdeila verkefnum og viðfangsefnum sem þarf að inna af hendi.
<i>Þátttakendur</i>	Þátttaka þeirra sem stuðla að betri samstöðu og eykur líkur á að áætlunin komist til framkvæmda. Hagsmunaaðilar sem málið varðar geta verið margir, innan og utan stjórnkerfisins.

Barnvæn sveitarfélög

Barnvæn sveitarfélög er verkefni sem styður sveitarfélög við að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í alla sína stjórnslu og starfsemi. Verkefnið byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF sem kallast Child Friendly Cities Initiative og hefur verið innleitt í hundruðum borga frá því árið 1996. Verkefnið hefur verið innleitt hér á landi undir nafninu Barnvæn sveitarfélög frá því árið 2016.

Barnvænt sveitarfélag skuldbindur sig til þess að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og vinna markvisst eftir hugmyndafræði verkefnisins sem byggir á þekkingu á réttindum barna, því sem er barninu fyrir bestu, jafnræði – að horft sé til réttinda allra barna og þátttöku barna en saman skapa þessir þættir barnvæna nálgun á málefni sveitarfélagsins.

Innleiðingarferli Barnvænna sveitarfélaga



Verkefnið Barnvæn sveitarfélög er innleitt í átta skrefum sem hvert um sig styður við réttindi barna innan sveitarfélagsins.

1. Staðfesting

Fyrsta skrefið er staðfesting en þá er tekin þverpólitísk ákvörðun um innleiðingu verkefnisins í sveitarstjórn. Það er gert til þess að skapa samstöðu innan sveitarfélagsins og skipa verkefninu tryggan sess til lengri tíma.

2. Stöðumat

Stöðumatið er umfangsmesta skref ferlisins en tilgangurinn með því er að meta stöðu réttinda barna innan sveitarfélagsins. Stöðumatið felur í sér mikla gagnaöflun. Þá er tölfraeðigögnum safnað, leiðbeinandi spurningalistum svarað, spurningakannanir eru lagðar fyrir börn og fullorðna, barnaping er haldið og viðtöl eru tekin við sérfræðihópa barna.

3. Fræðsla

Stöðumatið gefur til kynna hversu mikillar fræðslu er þörf innan sveitarfélagsins og út frá því er ákveðið hvernig er best að hátta henni. Tryggja þarf að börn og

fullorðnir þekki réttindi barna og geti sett þau í samhengi við daglegt líf og störf innan sveitarfélagsins. Viðhalda þarf fræðslunni og því þarf hún að vera regluleg.

4. Aðgerðaáætlun

Fjórða skrefið er að útbúa aðgerðaáætlun en hún skal byggja á gögnunum úr stöðumatinu. Mikilvægt er að aðgerðaáætlunin miði að bæði langtíma og skammtíma markmiðum þar sem það er mikilvægt að börn finni strax fyrir áhrifum af verkefninu.

5. Framkvæmd

Eftir að aðgerðaáætlun hefur verið samþykkt af bæði UNICEF og sveitastjórn er kominn tími til að framkvæma aðgerðirnar sem í henni eru. Gott getur verið að miða við að framkvæmdin taki u.þ.b. eitt ár. Skipaður er ábyrgðaraðili fyrir hverri aðgerð í áætluninni sem ber ábyrgð á að koma aðgerðinni í framkvæmd innan fyrirfram skilgreinds tímaramma.

6. Skýrsla

Bæði umsjónarmaður verkefnisins ásamt stýrihópi og ungmennaráð skila skýrslu til UNICEF um framgang verkefnisins. Í skýrslu umsjónarmanns og stýrihóps er lögð áhersla á að útskýra hvernig gekk að framkvæma aðgerðirnar í aðgerðaáætlun en skýrsla ungmennaráðsins fjallar aðalega um þau verkefni sem ráðið hefur unnið í tengslum við innleiðinguna ásamt því að taka fram hvaða breytingum börn í sveitarfélaginu hafa fundið fyrir á innleiðingartímanum.

7. Mat og viðurkenning

Að fyrstu sex skrefunum loknum er komið að úttekt á verkefninu. UNICEF framkvæmir úttektina og ef UNICEF metur sem svo að verkefnið hafi verið réttindum barna til framdráttar innan sveitarfélagsins og ef aðgerðir aðgerðaáætlunar hafa verið framkvæmdar fær sveitarfélagið viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag.

8. Ný markmið og endurmat

Viðurkenning Barnvæns sveitarfélags gildir í þrjú ár frá því að hún er veitt. Því þarf sveitarfélagið að setja sér ný markmið og hefja nýtt stöðumat fljótlega eftir að viðurkenning er í höfn, ætli það sér að hljóta endurmat að þremur árum liðnum. Þá þarf sveitarfélagið að fara í gegnum innleiðingarferlið að nýju og ef gengur hlýtur það nýja viðurkenningu.

Greinargerð vegna stöðumats

Þann 14. maí 2020 undirrituðu Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, Birna Þórarinsdóttir f.h. UNICEF á Íslandi og Sævar Freyr Þráinsson þ.v. bæjarstjóri Akraneskaupstaðar samstarfssamning um verkefnið Barnvænt sveitarfélag. Fram kom að verkefnið fælist í því að Akraneskaupstaður innleiddi Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins samkvæmt hugmyndafræði Barnvænna sveitarfélaga, sem er liður í framkvæmd verkefnisins Barnvænt Ísland. Upphaflega var gert ráð fyrir að tveggja ára innleiðingarferli sáttmálans yrði frá mars 2020-2022. En ferlið hófst ekki fyrr en með ráðningu verkefnastjóra Barnvæns sveitarfélags sem hóf störf hjá Akraneskaupstað 1. október 2021.

Þann 20. maí 2021 var skipaður og samþykktur stýrihópur um barnvænt sveitarfélag hjá Akraneskaupstað og fyrsti fundur haldinn þann 29. nóvember 2021. Þá hófst stöðumat og leiðbeinandi spurningalistar og spurningkannanir voru kynntar fyrir stýrihópnum og svarað sameiginlega á fundum stýrihópsins. Í upphafi gekk erfiðlega að virkja fólk til þátttöku og ná saman fundum stýrihóps en settir voru fastir fundatímar og gekk það þá betur. Við sveitarstjórnar kosningar í maí 2022 breyttist skipan stýrihópsins þar sem nýir pólitískir fulltrúar tóku sæti í stýrihópnum. Við þessar breytingar varð enn meiri kraftur settur í verkefnið og aukin samstað í stýrihópnum, fastir fundatímar voru settir á fundi stýrihópsins. Á því tímabili sem stöðumat fór fram, frá nóvember 2021-mars 2023 voru 10 fundir í stýrihóp. Fulltrúar ungmennaráðs voru með á flestum fundum og var alltaf boðið seta á fundum. Heilt á litið gekk stöðumatið mjög vel og var mikill áhugi og velvilji á öllum sviðum og stofnunum Akraneskaupstaðar.

Leiðbeinandi spurningalistar

Stýrihópur um barnvænt sveitarfélag hóf að svara leiðbeinandi spurningalistum á fyrsta fundi stýrihópsins þann 29. nóvember 2022. Á fundinum svaraði stýrihópurinn sameiginlega spurningalista eitt. Upphaflega var hugsun verkefnastjóra að stýrihópur myndi skipta með sér verkum og svara listanum á milli funda en var það vilji fundarmanna að listunum yrði svarað sameiginlega á fundum stýrihópsins. Á 2. fundi stýrihópsins þann 14. desember 2021 svaraði hópurinn sameiginlega spurningalista tvö. Á þriðja fundi stýrihópsins þann 17. janúar 2022 var svarað spurningalista þrjú og á fjórða fundi þann 1. febrúar var lista fjögur og fimm svarað. Á fimmta fundi stýrihópsins þann 21. febrúar fór stýrihópurinn sameiginlega yfir leiðbeinandi spurningalista 1-5 og aðlagði svörin eftir þörfum. Svörin voru samþykkt af öllum fundarmönnum og sendur til UNICEF.

Þegar á heildina er lítið gekk vel að fara í gegnum leiðbeinandi spurningalistana. Það reyndist þó nokkuð flókið að ná stýrihópnum saman og funda þétt. Allir fundarmenn voru þéttsettir öðum verkefnum og áttu því erfitt með að forgangsraða þessu verkefni. Það reyndist því vel að svara spurningalistunum sameiginlega á fundum í stað þess að fela þeim verkefni á milli funda. Í vissum svörum þurfti að leita til annarra aðila eftir svörum og voru þá settir ábyrgðaraðilar á það sem tóku að sér að fá rétt svör og senda til verkefnastjóra til að færa inn í skjalið.

Fjögur ungmenni úr ungmennaráði voru í upphafi skipuð í stýrihóp og tóku þau virkan þátt í að svara leiðbeinandi spurningalistum. Oft var gott að leita til þeirra varðandi þeirra eigin reynslu sem börn í sveitarfélaginu.

Helstu niðurstöður þessarar vinnu má sjá í meðfylgjandi skjali; *Leiðbeinandi spurningalistar – Akraneskaupstaður*. Þar kemur fram að mörgum spurningum er svarað neitandi þar sem sveitarfélagið hefur ekki verið að huga sérstaklega að þeim þáttum sem snúa að þátttöku barna sérstaklega. Það sem kom helst á óvart við niðurstöður spurningalistanna var hversu lítið sveitarfélagið hefur staðið að réttindafræðslu og að lítið sem ekkert samráð hefur verið við börn

og ungmenni í tengslum við ákvarðanir innan sveitarfélagsins. Ungmennaráð hefur verið starfandi hjá Akraneskaupstað síðan 2005 og hefur lengi verið hefð fyrir því starfi en við þessa vinnu kom í ljós að margt má bæta og gera betur í tengslum við starf Ungmennaráðs. Lítið er leitað til Ungmennaráðs varðandi ákvarðanatökur innan sveitarfélagsins, ekki eru til verkferlar varðandi þeirra starf og lítil fræðsla er í boði fyrir meðlimi ráðsins.

Spurningakannanir

Á 5. fundi stýrihóps um barnvænt sveitarfélag þann 21. febrúar 2022 var fyrsta umræða um spurningakannanirnar sem leggja þyrfti fyrir starfsfólk Akraneskaupstaðar og börn/ungmenni. Tekin var ákvörðun um að verkefnastjóri myndi kynna þetta fyrir skólastjórnendum og eiga samtalið þá um hvenær og hvernig best væri að leggja fyrir kannanirnar fyrir nemendur í 5.-10. bekk.

Verkefnastjóri átti fund með skólastjórnendum og gekk samstarfið um fyrirögn kannanna afar vel. Foreldrar barna í 5.-10. bekk fengu kynningarbréf send og könnunin var kynnt fyrir nemendum í skólanum. Í mars og apríl var spurningakönnunin lög fyrir nemendum og fór það fram á mismunandi tíma þar sem umsjónarkennarar báru ábyrgð á að leggja þær fyrir í kennslustundum. Af 711 nemendum í 5.-10. bekk í Brekkubæjarskóla og Grundaskóla á Akranesi svöruðu alls 516 nemendur könnuninni, sem gerir 72,5% svarshlutfall. Ástæðan var m.a. sú að ekki náðist að leggja könnunina fyrir einn bekk nemenda í 10. bekk í öðrum skólanum, jafnframt var nokkuð um veikindi á þeim tíma sem könnunin var lögð fyrir. Um 70% nemenda hafa heyrt talað um Barnasáttmálann en rétt tæplega 25% geta nefnd fjögur réttindi sem eru í sáttmálanum. Um 85% barna telja að öll börn eigi rétt á því að tjá sig og hafa áhrif en 12% veit ekki og 3% telur svo ekki vera. Það kom á óvart að aðeins helmingur barna, eða um 50%, telja réttindi Barnasáttmálans gilda um sig. Aðrar athyglisverðar niðurstöður voru m.a. að aðeins 30% nemenda taldi sveitarfélagið hafa spurt um þeirra skoðun á málefnum tengdum börnum og unglíngum og jafn margir sögðust vilja að þau væru oftast spurð. Þó var jákvætt að um 60% taldi þó að þau höfðu tækifæri til að

hafa áhrif á skipulag íþrótt- og tómstundastarfs á Akranesi. Aðeins um þriðjungur nemenda hafði fengið kynningu á ungmennaráði og fannst að hann gæti tekið þátt í starfi ungmennaráðs sveitarfélagsins. Greinilegt er að efla þarf fræðslu um og sýnileika ungmennaráðs. Mikill meiri hluti, eða um 85% nemenda, fannst frekar eða mjög gott að búa á Akranesi. Almennt var mikil ánægja með skólana, yfir 80% nemenda upplifðu að þeir sjálfir eða bekkjarfélagar væru spurðir um hvernig hægt væri að gera skólann betri og um 64% töldu sig geta haft áhrif á það sem væri gert. Það kom nokkuð á óvart að aðeins taldi rétt rúmlega helmingur nemenda að fullorðnir í skólanum vissu hvernig ætti að bregðast við ef barni liði illa en flestir (42%) taldi sig geta leitað til umsjónarkennara. Of margir, 16% nemanda, sagði að það væri engin innan skólans sem þau gætu leitað til þegar þeim liði ekki vel. Tæplega 70% taldi að öll börn hefðu jöfn tækifæri til að segja sína skoðun í kennslustundum.

Spurningakannanir fyrir fullorðna voru lagðar fyrir allt starfsfólk Akraneskaupstaðar og kjörna fulltrúa 22. mars 2022. Sendur var tölvupóstur á allt starfsfólk með kynningarbréfi og hlekk á könnunina. Þakkarpóstur og ítrekun til þeirra sem ekki voru búnir að svara var sent út 28. mars og aftur 4. apríl. Það reyndist nokkuð erfitt að fá starfsfólk til að svara en af 587 starfsfólki svöruðu alls 272 könnuninni en það gerir 46,3% svörun. Mikill meiri hluti, eða 98%, hafði heyrt talað um Barnasáttmálann og rétt rúmlega 70% gátu nefnt fjögur réttindi barna samkvæmt sáttmálanum. Flestir, eða 99%, taldi öll börn eiga rétt á að tjá sig, óháð aldri og þroska og 96% taldi Barnasáttmálann gilda um öll börn og að ekki þyrfti að hafa sér vel til að fá réttindi sín uppfyllt. Um 90% svarenda taldi að tryggja ætti réttindi barna á Íslandi samkvæmt Barnasáttmálanum enn þá frekar. Tæplega 70% hafði á þessum tíma fengið fræðslu um réttindi barna. Langflestir eða um 90% starfsfólks gat tengt Barnasáttmálann við sitt starf. Um 75% sagðist spyrja börn áhlits um mál sem þau varða en um helmingur taldi að börn gætu haft meiri áhrif. Af þeim 80% sem starfar með börnum kom fram að 60% af þeim hafi nægilegt svigrúm í sínu starfi til að leita eftir viðhorfum barna. Varðandi barnavernd kom fram að um 30% starfsfólks sem starfar með börnum hafa ekki

fengið kynningu á tilkynningarskyldu til barnaverndar og enn fleiri, eða um helmingur starfsfólksins, hefur ekki fengið markvissa fræðslu um ofbeldi og vanrækslu á börnum og hvernig eigi að bregðast við. Um 70% taldi að sinn vinnustaður væri með skýrar verklagsreglur um tilkynningar til barnaverndar og mikill meiri hluti eða um 89% veit hvernig eigi að bregðast við ef þeim grunar að barn sé beitt ofbeldi eða búi við vanrækslu.

Barna- og ungmennaping

Skipulag barna- og ungmennapings hófst á vormánuðum 2022 og var áætluð dagsetning þingsins í maí. Því var svo frestað vegna erfiðra aðstæðna í grunnskólunum og ákveðið að þingið færi fram í upphafi næsta skólaárs, haustið 2022.

Stýrihópurinn ásamt ungmennaráði skipulagði þingið og tók ungmennaráð virkan þátt í að ákveða umræðuefni og búa til spurningar, einnig voru þau með mikilvægt hlutverk á þinginu sjálfu.

Við undirbúning þingsins var ákveðið að gefa þátttakendum færi á að undirbúa sig vel og var því haft samráð við skólana um hvernig kynna ætti þingið fyrir nemendum. Upplýsingar voru senda til kennara, ásamt glærupakka til að sýna nemendum, þar komu allar helstu upplýsingar um barnapingið fram og umræðuefni þingsins. Óskað var eftir átta fulltrúum úr hverjum árgangi og nemendur buðu sig sjálfir fram til þátttöku, eftir að hafa fengið góðar upplýsingar um þingið.

Dagana 2. og 3. nóvember 2022 var haldið barna- og ungmennaping á Akranesi. Yfirskrift þingsins var „*Barnvænt Akranes*“. Barna- og ungmennapingið fór fram í frístundamiðstöðinni Þorpinu og voru þátttakendur fulltrúar nemenda úr 5.-7. bekk í Grundaskóla og Brekkubæjarskóla þann 2/11 og fulltrúar nemenda úr 8.-10. bekk í Grundaskóla og Brekkubæjarskóla þann 3/11. Jafnframt tóku 16 nemendur úr framhaldsskólanum FVA þátt í þinginu og voru ritarar. Ungmennaráð Akraneskaupstaðar tók virkan þátt í skipulagningu þingsins og voru þau

umræðustjórar á hverju borði. Alls tóku 124 börn og ungmenni þátt í þinginu. Dagskrá þingsins var eftirfarandi:

- **8:30 – 9:00**
 - *Setning og kynning á verkefninu barnvænt sveitarfélag*
 - *Kynning á ungmennaráði Akraneskaupstaðar*
- **9:00-10:00**
 - *Umræður á borðum með umræðustjóra og ritara*
- **10:00-10:30**
 - *Hlé – boðið upp á snúða og kókómjólk – spjall um farsæld barna á Akranesi*
- **10:30-11:30**
 - *Umræður á borðum með umræðustjóra og ritara*
- **11:30-12:00**
 - *Helstu niðurstöður þingsins ræddar - hvað er mikilvægast? hvar eigum við að byrja?*
- **12:00-12:30**
 - *Pizzuveisla og þingslit*

Markmiðið með þinginu var að skapa vettvang fyrir börn og ungmenni á Akranesi til að koma saman og ræða þau málefni sem brenna á þeim. Á barna- og ungmennapönginu fengu þau tækifæri til að tjá skoðanir sínar og viðhorf til sveitarfélagsins og þeirrar þjónustu sem það veitir. Umræðuefni þingsins voru eftirfarandi: *skólamál; frítími og íþróttir á Akranesi; forvarnir; umhverfi og skipulag og að lokum draumabærinn Akranes, hvernig er hann?*

Allir þátttakendur þingsins stóðu sig með mikilli þryði og voru til fyrirmyndar í hegðun og framkomu.

Niðurstöðum þingsins var deilt með skólastjórnendum, starfsmönnum á mennta- og menningarsviði og velferðar- og mannréttindasviði, stýrihóp um barnvænt sveitarfélag og ungmennaráði. Ungmennaráð nýtti niðurstöður

þingsins við undirbúning fyrir Bæjarstjórnarfund unga fólksins sem haldin var 15. nóvember 2022.

Helstu niðurstöður þingsins voru ræddar við þátttakendur í lok þingsins þar sem hver hópur tók saman helstu og mikilvægustu niðurstöðurnar að þeirra mati. Helstu niðurstöður voru m.a. að börn og ungmenni óska eftir meira samstarfi á milli grunnskóla Akraness, að haldnir séu sameiginlegir viðburðir og valgreinar. Áberandi var ákall þátttakanda á aukna fræðslu í skólana, sérstaklega hvað varðar kynfræðslu. Einnig kom fram ákall eftir sálfræðingum, námsráðgjöfum, hjúkrunarfræðingum eða öðrum fullorðnum aðilum inn í skólanna sem nemendur hefðu aðgang að og gætu leitað til þegar þeim liði illa, hvort sem er andlega eða líkamlega. Ósk um aukið samráð við börn og ungmenni, fleiri barnaþing og að oftár sé leitað eftir röddum og skoðunum barna. Virkt skólaráð í báðum grunnskólum og meiri fræðsla um ungmennaráð og hvar þeim stæði til boða að taka þátt og koma sínum skoðunum á framfæri. Þá komu fram ýmsar skoðanir um betri Akranes, með því að setja fleiri körfuboltavelli, hjólabrettaaðstöðu og hoppubelgi úti. Fleiri og betri leikvelli sem henta bæði yngri og eldri börnum og fleiri ruslatunnur. Fjölbreyttari verkefni fyrir vinnuskólann og tryggja aðgengi allra barna til íþróttar- og tómstundaiðkunar. Ósk um lengri opnunartíma sundlaugar, fleiri veitingarstaði og skautahöll.

Barna- og ungmennaðing 2023 var haldið 7., 8. og 9. nóvember og var með sambærilegu sniði og árið áður nema með nýjum þemum og áherslum. Undirbúningur þingsins hófst fyrr og í þéttu og góðu samstarfi við grunnskólana þar sem efni og tilgangur þingsins var vel kynnt fyrir nemendum sem buðu sig svo fram til þátttöku. Hátt í 200 börn og ungmenni tóku þátt í þinginu. Gott samstarf var við Fjölbautaskóla Vesturlands sem sendu ungmenni til þátttöku og til að gegna hlutverkum ritara. Ungmennaráð var í hlutverki borðstjóra og fengu góðan undirbúning og fræðslu til að sinna því verkefni. Þingið var afar vel heppnað og hefur verklag varðandi þingið fest sig í sessi. Þátttakendur sendu frá sér ályktun í lok þings sem fór fyrir öll ráð og fastanefndir og var að lokum samþykkt í

bæjarráði. Ályktun þessi hefur verið sett inn í aðgerðaráætlun til frekari úrvinnslu og framkvæmd.


Þegar er hafin skipulagning og undirbúningur fyrir barna- og ungmennabingi 2024, en það verður haldið í vikunni 4.-8. nóvember. Þingið var sett inn í skóladagatal grunnskólanna fyrir 24-25 og undirbúningur hófst strax við upphaf skólaársnins. Vinnuhópur skipaður af fulltrúum grunnskólanna, frístundar, velferðarsviðs og ungmennaráðs hafa unnið að undirbúningnum og útbúið efni sem hefur verið kynnt fyrir nemendum og kennurum. Mikil tilhlökkun er fyrir þinginu í ár, líkt og fyrri ár. Hér má sjá brot af kynningu sem fer inn í grunnskólana:




1



2



3



4




5



6

Að vera fulltrúi á barnabingi



Hlutverk þitt á barnabingi er:


- Að tala fyrir þig og segja þína skoðun
- Að vera fulltrúi barna í þínum bekk/árgangi og koma skoðunum þínum á framfæri
- Dæmi:
 - Mér finnst mikilvægt að hafa góða fátöskuleik.
 - Mér finnst mikilvægt að hafa góða kómuleikaleik.

• Því er mjög mikilvægt að tala saman í bekknum um það sem veldur nætt á barnabingi.

• Þannig að þú veir hvað þínum bekkjarfélögum finnst.

7


Velliðan í skóla



- Af hverju finnst sumum börnum erfitt að mæla í skóla?
- Hvað getum við gert til að hjálpa börnum sem eru erfitt með að mæla í skóla?
- Hvað þarf að bæta í skólanum svo að börnum líði vel þar?
- Hvernig eru góð, skemmtileg og gagnleg skólaferðir?
- Hvernig lítur góð skólastofa út – hvað þarf?

8

Forvarnir gegn ofbeldi



- Af hverju bæta sum börn ömur börn ofbeldi?
- Hvað er hægt að gera til að koma í vög fyrir það?
- Hvernig er hægt að hjálpa börnum sem bæta ofbeldi.

9

Annað sem þið viljið koma á framfæri?



- Er eitthvað annað sem þarf að gera betur
 - í skólanum?
 - í umhverfum, íþróttum, félagslífi?
 - Á Akranesi?
- Hvað þið með góðar hugmyndir?

10

Sérfræðihópar barna

Stýrihópur um barnvænt sveitarfélag tók þá ákvörðun að rætt yrði við sérfræðihóp barna sem var hópur barna af pólskum uppruna. Sú ákvörðun var tekin út frá því að upplýsingar bárust stýrihópnum, m.a. frá börnum og ungmönnum í sveitarfélaginu, þess efnis að þessi hópur barna væri í ákaflega veikri og viðkvæmri stöðu. Þá nýttust niðurstöður barnabingsins í að velja hópinn þar sem fram koma að mikil áhersla væri á að aðstoða börn með fötlun og börn á flótta en að börn með pólskan uppruna væri mögulega sá hópur sem hefði upplifað mikla fordóma og útskúfun í samfélaginu.

Rýnivíðtöl við hóp barna af pólskum uppruna fór fram dagana 13. og 14. mars 2023 og var sinnt af verkefnastjóra og ráðgjafa verkefnisins. Börnin voru undirbúin af kennara sem sinnir móðurmálskenndu í grunnskólanum þeirra og fengu fræðslu um barnasáttmálann og barnvænt sveitarfélag áður en viðtölin fóru fram. Börnunum var skipt í tvö hópa eftir aldri, yngri og eldri. Í yngri hóp voru börn í 5.-7. bekk og í eldri hóp voru börn í 8.-10. bekk. Foreldrum var sent bréf og þeim

kynnt markmið og tilgang verkefnisins og gefið tækifæri á að neita þátttöku barns þeirra. Börnin sjálf höfðu einnig val um að taka þátt. Með góðum undirbúningi og upplýsingum til barnanna og foreldra þeirra var reynt að tryggja mekingabæra þátttöku og jákvæða upplifun þeirra af því að gefa kost á sér í rýnihópinn.

Öll börn sem gafst kostur á þátttöku þáðu boðið. Ekkert foreldri bannaði þátttöku síns barns. Í rýnihópunum var gott flæði í samtalinu og börnin fengu að tjá sig óhindrað en þó út frá þeim ramma sem þegar við skipulagður. Fyrst fengu þau stutta kynningu á því sem framundan var og upplýsingar um hvernig yrði unnið með það sem rætt yrði við þau í dag. Þeim var sagt að samkvæmt 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga öll börn rétt á því að tjá sig frjállega um öll málefni sem hafa áhrif á líf þeirra. Fullorðnir eiga að hlusta og taka mark á þeim. Þá var vel útskýrt að Akraneskaupstaður væri að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og að þegar sveitarfélag innleiðir Barnasáttmálann er lögð áhersla á að ræða við börn og ungmenni og gefa þeim tækifæri til að koma skoðunum sínum á öllum málum sem þau varða á framfæri.

Helstu niðurstöður viðtalanna voru að upplifun þessa hóps er almennt góð hvað varðar Akranes og þá þjónustu sem hér er í boði. Aðspurð um hvað sé það fyrsta sem þeim dettur í hug þegar við nefnum Akranes tala þau um náttúruna, vitann, fjöruna, fjölskylduna sína og skólann. Þau tala um að það sé gott framboð af íþróttum og tómstundum til að stunda og það sé nokkuð mikið í boði í Þorpinu, félagsmiðstöð unglinga. *„Það væri líka gaman að hafa nammibúð á Akranesi eins og í Póllandi, svona stórar nammibúðir eins og nammiland í Hagkaup“.*

Börnin stunda flest íþróttir eða tómstundir af einhverju tagi. Nefna að þau vilji æfa fleira en eitt en megi bara æfa eina íþrótt/tómstund vegna kostnaðar.

Yngri börnin töluðu um að þau tali pólsku sín á milli um ákveðna hluti, t.d. líðan en upplifa að þau megi það ekki. Þau tala einnig um að aðrir nemendur af erlendum uppruna upplifi ekki það sama og þau, það séu meiri fordómar í garð pólvörja á Íslandi en annarra innflytjenda. *„Ég fæddist hér og líður eins og Íslendingi, en aðrir taka mér bara sem pólvörja“.*

Eldri hópurinn talaði um að þau hefðu fundið fyrir fordómum á miðstigi en finni ekki lengur fyrir því á unglíngastigi. Í dag upplifi þau gott viðhorf annara til sín. Í dag fái þau stuðning í skólanum varðandi heimanám, sérstaklega í íslensku þar sem þau geta ekki fengið þá aðstoð heima.

Yngri hópurinn talaði um að ekki sé hlustað nóg á þau og upplifa að þau fái ekki nægan stuðning. Það kom nokkuð á óvart hve mikill munur var á viðhorfum eldri og yngri hópsins varðandi þeirra eigin upplifun og líðan á Íslandi.

Það var áberandi hvað ákallið á að hafa einhvern innan skólans til að spjalla við væri nokkuð mikið í báðum hópum. Börnin töluðu öll um að þau geti leitað til vana, foreldra, kennara, námsráðgjafa eða félagsráðgjafa í skólanum til að tala við en oft væri ekki laus tími eða að þau viti ekki hvernig eigi að bera sig að.

Helstu niðurstöður viðtalanna voru kynntar fyrir skólastjórnendum sem fengu það verkefni að vinna áfram með niðurstöðurnar í sínum starfsmannahópi, jafnframt voru niðurstöðurnar kynntar fyrir stýrihóp og verða nýttar inn í vinnslu aðgerðaáætlunar.

Samantekt á stöðumati

Nokkuð umfangsmikið stöðumat Akraneskaupstaðar hefur farið fram og ýmis mál hafa verið rýnd frá ólíkum sjónarhornum. Ljóst er að margt hefur áunnist en alltaf má gott bæta. Hjá Akraneskaupstað var tekin meðvituð ákvörðun um að vinna saman tvö stór innleiðingarverkefni, innleiðingu nýrra laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (farsældarlögin) og innleiðingu á Barnvænu sveitarfélagi. Þetta var m.a. gert með því að ráða til starfa verkefnastjóra farsældar og Barnvæns sveitarfélags, þannig var skýrt frá upphafi að verkefnin tvö væru nátengd og ættu að vera unnin samhliða. Þetta hefur reynst afar vel og er talið hafa gefið verkefninu aukinn byr undir báða vængi. En verkefnið felst fyrst og fremst í því að skapa barnamiðaða og heildstæða farsældarþjónustu fyrir öll börn á Akranesi. Þannig var markmiðið að efla skilning og vitund allra sem starfa með eða í þágu barna og fjölskyldna á réttindum barna og mikilvægi þess að hlusta á raddir þeirra og stuðla að jöfnum tækifærum og þátttöku allra barna og ungmenna á Akranesi.

Í þessari greinargerð hefur verið farið yfir framgang innleiðingar verkefnisins Barnvæn sveitarfélög á Akranesi og helstu niðurstöður stöðumats sem nú er lokið. Farið er yfir helstu áskoranir og það sem gekk vel í ferlinu. En niðurstöður stöðumats eru ákaflega mikilvægar fyrir komandi vinnu sveitarfélagsins við gerð aðgerðaáætlunar.

Aðgerðaáætlun Akraneskaupstaðar 2023 - 2025

Hér að neðan verða teknar saman þær aðgerðir sem stýrihópur verkefnisins hefur forgangsraðað og mynda aðgerðaáætlun Akraneskaupstaðar vegna innleiðingar Barnasáttmálans 2023 – 2025. Á Akranesi hefur veirð lögð rík áhersla á inngildandi starf í skóla- og frístundastarfi á öllum skólastigum.

Aðgerðaáætlun þessi byggir á niðurstöðum stöðumats. Ábyrgðaraðili er tilgreindur fyrir hverja aðgerð en hann ber ábyrgð á að aðgerðinni verði komið í framkvæmd innan þess tímaramma aðgerðinni er ætlað. Tekið er fram hvaða greinum Barnasáttmálans aðgerð tengist sérstaklega. Þá er tekið fram hvaða grunnþættir Barnvæns sveitarfélags eiga við um hverja aðgerð.

Aðgerðaáætlunin byggir á niðurstöðum kortlagningar á velferð og réttindum barna á Akranesi sem lýst er hér að framan. Í kortlagningarferlinu komu fram mörg atriði sem eiga heima í aðgerðaáætluninni. Við forgangsroðun verkefna var horft til þess að koma til móts við athugasemdirnar sem komu fram við gagnaöflun. Tilgangurinn er einnig að innleiða verklag í stjórnslu bæjarins sem miðar að því að tryggja réttindi barna og tryggja að starfsfólk bæjarins geti hafist handa við að vinna með Barnasáttmálann með hagnýtum hætti. Að loknum gildistíma þessarar áætlunar verður gert mat á árangri verkefnanna og það notað við næstu áætlanagerð.

Mikilvægt er að taka það fram að aðgerðaáætlun þessari er ekki ætlað að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eins og hann leggur sig enda er innleiðing mannréttinda samfelld verkefni sem tekur aldrei enda.

1. Farsælt frístundastarf fyrir öll börn

Farsælt frístundastarf er unnið í samvinnu við velferðar- og mannréttindasvið, mennta- og menningarsvið, íþróttafélög og fjölskyldur barna með það að markmiði að auka félagslega virkni og þátttöku barna með stuðningsþarfir, bæta samfellu í þjónustu og auka lífsgæði barna/ungmenna og fjölskyldna þeirra. Þetta er úrræði þar sem markvisst er leitast eftir að vekja áhuga barna og unglinga á almennu íþrótt- og frístundastarfi og styðja þau til þátttöku. Ráðinn er verkefnastjóri farsæls frístundastarfs til að halda utan um verkefni og tryggja því framgöngu og virkni.

Ábyrgð: Velferðar- og mannréttindasvið og mennta- og menningarsvið.

Umsjón: Verkefnastjóri farsæls frístundastarfs.

Tímarammi: Desember 2023 – desember 2025.

Fjárförf: Verkefnið er framkvæmt með styrk frá Barna- og menntamálaráðuneytinu vegna stöðu Akraneskaupstaðar sem frumkvöðla sveitarfélag í innleiðingu Farsældarlaga. Styrkurinn er kr. 9.000.000.- veitt 2023, fyrir árið 2024 og sama upphæð veitt 2024 fyrir árið 2025.



Árangursviðmið: Fjöldi barna sem stunda skipulagt íþrótt- og tómstundastarf á Akranesi ásamt því að útrýma biðlistum barna eftir stuðningsþjónustu/liðveislu.

Tenging við stöðumat: Á barna- og ungmennanþingi og í viðtölum við sérfræðihópa barna kom fram að aukin þörf væri á að tryggja aðgengi allra barna að íþrótt- og tómstundastarfi – jafnræði og forvarnir.



2. Bæklingur um íþrótt- og tómstundastarf barna

Bæklingurinn unnin af frumkvæði og í samstarfi við verkefnið farsælt frístundastarf ásamt íþróttabandalaginu (ÍA). Markmið að kynna allt íþrótt- og tómstundastarf á Akranesi fyrir öll börn sem flytja á Akranes. Sérstök áhersla á börn af erlendum uppruna. Bæklingurinn er gerður á 6 tungumálum.

Ábyrgð: Velferðar- og mannréttindasvið og mennta- og menningarsvið.

Umsjón: Verkefnastjóri farsæls frístundastarfs.

Tímarammi: 2024

Fjárförf: Vinnuframlag starfsfólks. Prentun á 450 bæklingum og þýðingar, samtals kr. 170.000.

Árangursviðmið: Fjöldi barna af erlendum uppruna og sem eru nýflutt í sveitarfélagið sem stunda skipulagt íþrótt- og tómstundastarf á Akranesi.

Tenging við stöðumat: Á barna- og ungmennáþingi og í viðtölum við sérfræðihópa kom fram að aukin þörf væri á að tryggja aðgengi allra barna, sérstaklega af erlendum uppruna, að íþrótt- og tómstundastarfi og að upplýsingar væru aðgengilegar öllum.



3. Útikennslusvæði í Skógrækt

Hugmynd sem kom frá börnum eftir barna- og ungmennáþing og var hrint í framkvæmd sumarið 2023. Lítið svið og bekkir sem m.a. er ætlað til útikennslu var byggt í Skógræktinni og hefur þegar verið mikið notað.

Sem dæmi má nefna að leikskólarnir Akrasel og Garðasel nýta skógræktarsvæðið til útikennslu og ævintýraferða alla daga vikunnar. Einnig hefur Grundaskóli nýtt svæðið í náttúrufræði og útikennslu fyrir nemendur á öllum aldri.

Í framtíðarskipulagi er gert ráð fyrir útikennslustofu á svæðinu.

Ábyrgð: Skipulags- og umhverfissvið.

Umsjón: Áhaldahús, Skipulags- og umhverfissvið.

Tímarammi: Haust 2023.

Fjárförf: 2.500.000 kr.

Árangursviðmið: Verkið er klárt og tilbúið til notkunar.

Tenging við stöðumat: Barna- og ungmennáþing.



4. Fræðsla um barnavernd- og farsældarþjónustu



Fræðsla og samvinna barnaverndarþjónustu, farsældar, frístundar og leik- og grunnskóla Akraneskaupstaðar. Í sameiginlegri fræðsluáætlun er tryggt að allt starfsfólk sem starfar með börnum fái reglulega kynningu á tilkynningarskyldu til barnaverndar og fræðslu um ofbeldi og vanrækslu á börnum og hvernig eigi að bregðast við. Ásamt því að fá fræðslu um

farsældarþjónustu barna. Nýliðafræðsla er í upphafi skólaárs og upprifjun fyrir aðra starfsmenn er í minni hópum (á deildarfundum) 1-2 yfir skólaárið. Jafnframt er reglulega farið með fræðslu inn í framhaldsskóla og heilbrigðisþjónustu á svæðinu.

Ábyrgð: Velferðar- og mannréttindaráð og mennta- og menningarsviði.

Umsjón: Barnaverndarþjónusta og farsældarþjónusta barna.

Tímarammi: Alltaf virkt.

Fjárförf: Vinnuframlag starfsfólks á Velferðar- og mannréttindasviði og mennta- og menningarsviði.

Árangursviðmið: Fjöldi starfsmanna sem hafa fengið fræðslu í upphafi og lok hvers skólaárs.

Tenging við stöðumat: Niðurstöður spurningakannana sýndu fram á þörf á aukinni fræðslu til starfsfólks.



5. Réttindafræðsla í skólum og samfélagsverkefni

Í öllu skóla og frístundastarfi á Akranesi hefur réttindafræðsla skipað stóran sess. Fyrir utan þá fræðslu sem bundin er í aðalnámskrá, sem m.a. snýr að Barnasáttmálanum og réttindum barna, eru fjölmörg verkefni samofin skóla- og frístundastarfinu og vinnulag tekið mið af því. Verkefnin eru fjölmörg og eru þess eðlis að auka lýðræðisvitund en ekki síður samkennd og samvinnu. Markviss kennsla í Barnasáttmálanum fer fram í 3. og 4. bekk skv. aðalnámskrá.

a. Þátttaka er samvinna

Markmið verkefnisins eru efla börn til þátttöku í eigin lífi, búa til farveg fyrir raddir þeirra, fræða þau um merkingabæra þátttöku og stuðla í leiðinni að nemendalýðræði og aukinni þátttöku barna í þróun skóla- og frístundastarfs. Allir árgangar í Brekkubæjarskóla taka þátt í verkefninu. Verkefnin í hverjum árgangi eru mjög ólík en eiga þann sameiginlega tilgang að skapa börnum tækifæri til að koma skoðunum og hugmyndum á framfæri, koma hugmyndum sínum í framkvæmd og stuðla þar með að því að skóla- og frístundastarf verði betra fyrir öll börn. Réttindafræðsla til barnanna, er mikilvægur partur af verkefninu.

Verkefnið snýst um að raungera 12. gr. Barnasáttmálans og byggir þannig á hugmyndum um **inngildingu, þátttöku og lýðræði**, en þessi lykilhugtök eru nátengd. Þannig fá börn ekki bara rými og rödd til að tjá sínar hugmyndir, heldur líka áheyrn og hafa áhrif. Verkefnið **Þátttaka er samvinna** er samstarfsverkefni Brekkubæjarskóla, frístundamiðstöðvarinnar Þorpsins og Háskóla Íslands og er styrkt af Sprotasjóði. Verkefnið er hluti af doktorsrannsókn Ruthar Jörgensdóttur Rauterberg, doktorsnema við Menntavísindasvið HÍ. Markmið doktorsverkefnis eru að stuðla að aukinni þátttöku barna í þróun inngildandi og lýðræðislegs skólustarfs og að skapa samvinnurými barna og fullorðinna innan skólans og samstarfsramma sem tryggir þátttöku og áhrif barnanna.

Ábyrgð: Mennta- og menningarsvið.

Umsjón: Brekkubæjarskóli, Menntavísindasvið HÍ og Þorpið.

Tímarammi: Alltaf virkt

Fjárförf: Vinnuframlag starfsmanna Mennta- og menningarsviðs, Brekkubæjarskóla og Þorpsins.

Árangursviðmið: Fjöldi barna sem taka þátt. Fjöldi barna sem bjóða fram krafta sína í t.d nemendaráð, Ungmennaráð, Arnardalsráð ofl.

Tenging við stöðumat: Spurningakannanir, Að auka lýðræði í öllu starfi með börnum og ungmönnum á Akranesi.

b. Draumaskólinn

Draumaskólinn er árlegt verkefni í 5. bekk og tengist verkefninu *Þáttaka er samvinna*. Markmiðið með Draumaskóla-verkefninu er að börnin fái tækifæri til þess að koma sínum hugmyndum um gott skólastarf á framfæri og tryggja það að hlustað verði á hugmyndir þeirra og brugðist við þeim. Draumaskólaverkefnið er í stöðugri þróun og tekur breytingum með hverjum hópi sem framkvæmir það. Kjarninn verður þó ávallt hinn sami; að börnin segi frá sínum hugmyndum, fái áheyrn og taki þátt í að gera hugmyndirnar að veruleika. Þannig læra börnin að þeirra rödd skiptir máli, það er hlustað á þau og að þau geta haft áhrif á skólann sinn og gert hann betri. Verkefnið er liður í því að auka nemendalýðræði í Brekkubæjarskóla

Ábyrgð: Mennta- og menningarsvið.

Umsjón: Brekkubæjarskóli.

Tímarammi: Alltaf virkt í 5. bekk.

Fjárförf: Vinnuframlag starfsmanna.

Árangursviðmið: Fjöldi barna sem fara í gegnum Draumaskólann. Hugmyndir frá börnum sem komast til framkvæmdar.

Tenging við stöðumat: Spurningakannanir, Að auka lýðræði í öllu starfi með börnum og ungmönnum á Akranesi.

c. Krakkar með krökkum

Þróunarverkefni er beinist að vinnu nemenda þar sem áhersla er lögð á jafningaleiðsögn tengt félagslegum samskiptum og félagsstarfi. Verkefnið er samvinnuverkefni Grundaskóla og KVAN og er svar við beiðni nemenda og þátttakenda á barnaþingi um að geta leitað til aðila innan skólans til að fá stuðning og leiðsögn ásamt því að eldri nemendur geti markvisst verið til staðar fyrir þá yngri. Verkefnið var unnið í fyrsta skipti skólaárið 22 - 23.

Markmiðið er að efla leiðtogafærni nemenda. Með leiðtogapjálfun öðlast nemendur þekkingu á sjálfum sér, að geta sett sig í spor annarra o.fl. Verkefnið Krakkar með krökkum byggir á því að virkja þann kraft sem býr í unglingum til að hafa jákvæð áhrif á yngri börn og vera fyrirmyndir þeirra. Verkefnið tengist 29. gr. Barnasáttmálans þar sem börnin læra að rækta sjálfsmynd sína, hæfileika og færni. Þau læra að þekkja réttindi sín og að virða réttindi annarra, menningu þeirra og fjölbreytileika.

Ábyrgð: Mennta- og menningarsvið.

Umsjón: Grundaskóli í samstarfi við KVAN.

Tímarammi: Alltaf virkt í 9. bekk.

Fjárförf: Vinnuframlag starfsmanna.

Árangursviðmið: Könnun send á nemendur í 9. bekk til að meta upplifun og árangur, m.t.t. 29. gr. Verklag fest í sessi þannig að verkefnið sé sjálfbært og aðgengilegt öllum.

Tenging við stöðumat: Að auka lýðræði í öllu starfi með börnum og ungmönnum á Akranesi.



6. Aukin fræðsla fyrir börn og ungmenni á Akranesi

Brekkubæjarskóli, Grundaskóli, Brúin forvarnarhópur og Þorpið frístundamiðstöð eru að vinna saman að gerð forvarnar og fræðsluáætlunar sem nær yfir alla árganga. Þar verður einnig mótuð fræðsluáætlun fyrir foreldra. Vika 6 fær sérstakan kafla og þar verðu horft til fræðslu fyrir alla, þ.e börn, foreldra og starfsfólk skóla og frístunda .

Ábyrgð: Mennta- og menningarsvið.

Umsjón: Grunnskólar Akraneskaupstaðar, forvarnarteymi grunnskólanna og Brúin forvarnarteymi.

Tímarammi: skólaárið 24-25 og áframhaldandi fræðsla fest í sessi.

Fjárförf: Vinnuframlag starfsmanna Mennta- og menningarsviðs.

Árangursviðmið: Forvarnar og fræðsluáætlun fyrir alla árganga tilbúin og samþykkt og komin til framkvæmdar. Fræðsluáætlun fyrir foreldra tilbúin og komin til framkvæmdar.

Tenging við stöðumat: Barna- og ungmennaning. Svör stýrihópsins við gátlistum UNICEF.



7. Forvarnarverkefni fyrir foreldra barna í leik- og grunnskólum – Invest in Play

Tengjumst í leik (e. Invest in play) er námskeið fyrir foreldra og forráðamenn barna á Akranesi þar sem áhersla er lögð á jákvæð samskipti og samveru foreldra og barna í gegnum leik. Með því myndast góð tengsl milli foreldra og barna og samband þeirra styrkist. Efni og innihald námskeiðsins er byggt á gagnreyndum aðferðum og rannsóknum á alþjóðlegum vettvangi. Markmið námskeiða er að valdefla



foreldra í uppeldishlutverki sínu og efla um leið þjónustu við börn og foreldra. Akraneskaupstaður er fyrsta sveitafélagið til þess að bjóða foreldrum leikskólubarna upp á námskeið án endurgjalds. Námskeiðið er unnið í samvinnu við þróunarverkefnið *Föruneysi barna – samstarfs um stuðning við uppeldi og nám* á vegum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Barna- og menningarmála ráðuneytisins.

Ábyrgð: Mennta- og menningarsvið og velferðar- og mannréttindasvið.

Umsjón: Leiðbeinendur frá Akraneskaupstað.

Tímarammi: Námskeiðið er 12 vikur og hefst um miðjan september 2024.

Fjárpörf: Heildarkostnaður vegna verkefnisins er kr. 13.661.196. Styrkur frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu nemur kr. 6.500.000 og er þá hlutur sveitarfélagsins kr. 7.161.960.

Árangursviðmið: Endurgjöf foreldra á spurningalistum um streitu og líðan foreldra, einnig um mat foreldra á stöðu barna fyrir og eftir námskeiði.

Tenging við stöðumat: Þörf á aukinni fræðslu stuðning við foreldra í uppeldishlutverkinu, veita snemmtækan stuðning.



8. Farsælt foreldrasamstarf og forvarnarfræðsla fyrir foreldra barna og ungmenna á Akranesi

Farsælt foreldrasamstarf er verkefni unnið í gegnum mennta og menningarsvið og stuðlar að markvissu og bættu foreldrasamstarfi. Foreldrarölt er endurvakið, aukið samstarf á milli stjórna foreldrafélaga grunnskólanna og komið á virku samtali á milli þeirra og fulltrúa í skóla og frístundaráði. Verkefnastjóri frístunda og forvarnarmála fundar tvisvar á ári með stjórnnum foreldrafélaganna og einnig fundar skóla og frístundaráð með þeim tvisvar á ári. Brekkubæjarskóli, Grundaskóli, Brúin forvarnarhópur og Þorpið frístundamiðstöð eru að vinna saman að gerð forvarnar- og fræðsluáætlunar sem nær yfir alla árganga grunnskólans. Þar verður einnig mótuð fræðsluáætlun fyrir foreldra.

Þar mun verða farið í sama efni og með börnum en sniðið að foreldrum. Fræðslan mun bæði verða í formi staðbundinna fræðslufunda en einnig í formi netfyrirlestra.

Ábyrgð: Mennta- og menningarsvið.

Umsjón: Brúin forvarnarteymi og forvarnarteymi grunnskólanna.

Tímarammi: Verkefnið mun verða prufukeyrt á vorönn skólaárið 2024/25 og haustönn skólaársins 2025/26

Fjárpörf: 1.500.000

Árangursviðmið: Fjöldi foreldra sem fær fræðslu og bætt foreldrasamstarf. Fræðsluáætlun til staðar og fræðsla farið fram.

Tenging við stöðumat: Ákall á aukna fræðslu og efla sameiginlega ábyrgð allra. Svör stýrihópsins við gátlistum UNICEF.



9. Leiktæki fyrir fötluð börn

Eftir samtal við sérfræðihóp fatlaðra barna kom í ljós þörf fyrir leiktæki fyrir börn í hjólastól. Niðurstaðan var að byrja á að setja leiktæki á lóðir þeirra leik- og grunnskóla sem þegar hafa nemendur í hjólastól. Á lóð Grundaskóla, hringekja og þrautabraut á lóð leikskólans Akrasels fyrirhugað er að bæta við rólu. Róla og þrautabraut var sett á lóð nýs leikskóla Garðasel. Í Brekkubæjarskóla kom hugmynd barna um betri leiktæki fyrir fötluð börn fram í gegnum verkefnið Draumskólinn. Því var hrint í framkvæmd á þann hátt að mótaður var ráðgjafahópur barna um betri skólakóð sem vann í samvinnu við arkitekt og skólastjórn við að hanna útfærslu og velja tæki. Næstu leiktæki verða sett upp á leikskólalóðir Teigasels og Vallarsels.

Ábyrgð: Velferðar- og mannréttindasvið, mennta- og menningar svið og skipulags- og umhverfissvið

Umsjón: Skipulags- og umhverfissvið
Tímarammi: 2023 – 2025.

Fjárpörf: 25.000.000

Árangursviðmið: Verkið er klárt.

Tenging við stöðumat: Sérfræðihópur fatlaðra barna.



10. Spjallaraverkefni

Á barnaþingi hefur ítrekað komið fram sú beiðni barna að hafa einhvern að spjalla við og kom hugmyndin af þessu verkefni í gegnum Þátttaka er samvinna. Verkefnið er hannað eftir hugmyndum barnanna og í samvinnu við þau. Sett var á laggirnar svokallað spjallaraverkefni í Brekkubæjarskóla sem hefur gefið góða raun. Verkefnið felst í því að allir nemendur kynnist og hafi aðgang að s.k spjallara sem þeir treysta og geta leitað til. Starfsfólk félagsmiðstöðvar verða spjallarar fyrir unglunga og unglingar verða spjallarar fyrir yngri nemendum. Verkefnið felur í sér fræðslu, þjálfun, utanumhald og útgáfu handbóka. Verkefnið er í gangi allt skólaárið. Markmiðið eru að auka tengsl milli eldri og yngri nemenda innan skólanna þar sem eldri nemendur geti síðan talað máli þeirra yngri. Markmiðið er einnig að efla leiðtogaþæfni nemenda og þannig valdefla þá ásamt því að auka samkennd og samfélagslega ábyrgð þeirra. Verkefnið hlaut nýsköpunar- og þróunarstyrk frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu í árslok 2023.

Verkefnið er liður í því að börn séu virkir þátttakendur í skólastarfi og hafi áhrif. Verkefnið fellur vel að áherslum Menntastefnu 2030 og barnvæns sveitarfélags um aukna rödd barna og þátttöku þeirra í þróun skóla- og frístundaumhverfis. Spjallaraverkefninu er ekki ætlað að draga úr mikilvægi faglegrar stoðþjónustu, svo sem þjónustu við sálfræðinga, náms- og félagsráðgjafa heldur hugsað sem viðbót innan grunnþjónustunnar.

Ábyrgð: Mennta- og menningar svið.

Umsjón: Grunnskólarnir og félagsmiðstöðin.

Tímarammi: Skólaárið 2024 – 2025.

Fjárförf: Styrkur fékkst frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu í janúar 2024 1.000.000 kr.

Árangursviðmið: Búa til handbók og gera þannig verkefnið sjálfbært og aðgengilegt öllum. Leggja fyrir könnun reglulega til að mæla árangur og upplifun þátttakenda.

Tenging við stöðumat: Niðurstöður Barna- og ungmennáþings.



11. Stækkun sleðabrekku

Óskir um stærri sleðabrekku á Akranesi kom skýrt fram á barna- og ungmennáþingi 2022 og 2023. Ráðist var í framkvæmdir í júlí 2024 og brekkan því klár til sleðanotkunar fyrir veturinn 2024.

Ábyrgð: Skipulags- og umhverfissvið.

Umsjón: Verkefnið var í höndum Þróttar ehf.

Tímarammi: Sumar 2024

Fjárförf: 4.000.000 kr.

Árangursviðmið: Verkið er klárt og tilbúið til notkunar.

Tenging við stöðumat: Íbúakosning um okkar Akranes – græn svæði og (ítrekaðar) óskir frá börnum á barna- og ungmennáþingi.



12. Ungmennaráð Akraneskaupstaðar

Ungmennaráð Akraness var fyrst skipað árið 2005 og hefur verið starfandi allar götur síðan. Ungmennaráð skipa sjö fulltrúar ungmenna á aldrinum 13-25 ára. Ungmennaráð fundar reglulega og tekur þátt í *Bæjarstjórnarfundi unga fólksins* ár hvert. Þar ber ungmennaráð fram tillögur frá barnaþingi til bæjarstjórar Akraness. Ungmennaráð tekur fullan þátt í að skipuleggja og vinna við Barnaþingið. Fulltrúi ungmennaráðs Akraness situr í Ungmennaráði Vesturlands.

Ungmennaráð fær ýmis mál til umfjöllunar og leitað er eftir álitum ráðsins þegar það á við. Verið er að móta nýjar verklagsreglur fyrir ungmennaráð og fyrir liggur tillaga að breyttu verklagi.

Tillögur að breyttu verklagi

Bæjarstjórnarfundur unga fólksins

Bæjarstjórnarfundur unga fólksins (BFU) er haldin árlega og sameiginlegur fundur ungmennaráðs og bæjarstjórnar Akraness. Verklag hefur verið þannig að bæjarstjórnarfundur unga fólksins hefur verið á milli fyrri og seinni umræðu fjárhagsáætlunnar.

Tillaga:

Bæjarstjórnarfundur unga fólksins fari fram seinni hluta janúar ár hvert.

Rökstuðningur:

Barna- og ungmennaðing er haldið í nóvember og ungmennaráð þarf meiri tíma til að vinna úr tillögum þingsins.

Seta í ráðum og nefndum

Ungmennaráð barðist lengi fyrir því að fá áheyrendafulltrúa inn í ráð og nefndir bæjarins. Samþykkt var að fulltrúi ungmennaráðs fengi sæti í skóla- og frístundaráði.

Tillaga:

Tryggja lýðræðisleg vinnubrögð þegar kemur að þátttöku barna í ráðunum.

Fallið verði frá því að fulltrúi ungmennaráðs sitji sem áheyrendafulltrúi í skóla og frístundaráði. Hins vegar að fest verði í sessi þannig verklag að *ráð og fastanefndir vísa erindum til umfjöllunar í ungmennaráði. Að öll ráð og nefndir festi í sessi vinnubrögð sem gera það að verkum að hakað sé í ákveðna kassa varðandi það hvort einstaka erindi þurfi að fara fyrir ungmennaráð og þá hvort það sé búið og ef svo er þá fylgi umsögn ungmennaráðs með.*

Rökstuðningur:

Unglingur einn og sér hefur ekki mikið vægi inni í ráðum. Hann getur ekki speglað sig við aðra í umræðunni. Ráðsfundir fara oft fram á skólatíma og ungmennaráðsfulltrúar eiga ekki auðvelt með að komast frá. Með þessari tillögu fær ungmennaráð innsýn inn í fleiri málaflokka.

Kynning á hlutverki og starfsemi Ungmennaráðs

Tryggja öllum nemendum grunnskóla góða kynningu á tilgangi og starfi ungmennaráðs, nemendafélaga og skólaráða.

Aðgerð:

Tryggja fræðslu um ungmennaráð og sýnileika ungmennaráðs þannig að börn skilji tilgang þess og starfsemi og viti bæði hvernig það getur komið skilaboðum til þeirra og einnig hvernig þau sækist eftir því að taka þátt í þeim.

Ungmennaráð 2024-2025 mun fara í kynningarátak.

Rökstuðningur:

Mikilvægt er að ungmenni á Akranesi þekki starfsemi Ungmennaráðs og tilgang þess að hafa virkt ungmennaráð í sveitarfélaginu sínu. Með fræðslu og sýnileika eykst mikilvægi ráðsins meðal ungmenna og meðal ráða og nefnda.

Réttur til setu í ungmennaráði Akraness

Tillaga:

Tilraun verði gerð á því á því að hafa opið umsóknarferli fyrir öll ungmenni á Akranesi og senda útsérstaka kynningu til allra 13+ í gegnum grunn- og framhaldskóla og auglýsingu á vef Akraneskaupstaðar þannig að öll börn hafi tækifæri til að sitja í Ungmennaráði.

Rökstuðningur:

Í dag kveða reglur á um að Ungmennaráð sé skipað fulltrúum frá grunnskólunum tveimur, framhaldsskóla, félagsmiðstöð og ungmennahúsi, tónlistarskóla og íþróttabandalagi Akraness (ÍA). Með því fyrirkomulagi hafa formenn nemendaráða ofl. gjarnan farið sjálfkrafa inn í Ungmennaráð. Við viljum hins vegar gefa fleirum tækifæri á að taka þátt og gefa hverjum og einum kost á að koma á eigin foresendum inn í ungmennaráð. Þessi aðferð var notuð í tilraunaskyni haust 2024.

Ábyrgð: Mennta- og menningarsvið.

Umsjón: Verkefnastjóri frístunda- og forvarnamála. Forstöðumaður Þorpsins Frístundamiðstöðvar og umsjónarmaður Ungmennaráðs.

Tímarammi: Vetur 2024-2025. Innleiða viðvarandi verklag, í vinnslu.

Fjárförf: vinnuframlag starfsmanna og Ungmennaráðs

Árangursviðmið: Auka aðkomu ungs fólks að ákvarðanatöku og auka samtal og áhrif ungmennaráðs á málum sem þau varða með því að tryggja að ráðið sé fullmannað og með virka og skilulagða starfsemi. Taka saman fjölda erinda sem berast til ungmennaráðs og ákvarðana sem ungmennaráð hefur komið að á hverju ári. Þróun verklagsramma sem tryggir aðkomu ungmennaráðs að málum sem þau varðar og festa í sessi.

Tenging við stöðumat: Ályktun frá barna- og ungmennáþingi og svör stýrihópsins við gátlistum UNICEF.



13. Skipan tengiliðs á fjármálasviði fyrir verkefni tengd barnavænu sveitarfélagi

Skipaður hefur verið tengiliður á fjármálasviði Akraneskaupstað til að halda sérstaklega utan um öll verkefni og aðgerðir sveitarfélagsins sem tengjast Barnvænu sveitarfélagi. Þannig má auka gegnsæi og utanhald fjármagns fyrir þá sem koma að verkefnum tengd BS. Einnig fara styrkir sem fást vegna verkefna tengd BS til tengiliðsins sem heldur utan um upphæðirnar, ráðstafar þeim á réttar deildir og tryggir að fjármagn sé fært á milli ári ef þörf er á slíku.

Ábyrgð: Stjórnsýslu- og fjármálasvið Akraneskaupstaðar.

Umsjón: Fjármálastjóri.

Tengiliður: Verkefnastjóri fjármála

Tímarammi: 2024-2025, verklag fest í sessi.

Fjárpörf: Vinnuframlag starfsmanna stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Árangursviðmið: Aukið gegnsæi í fjármálum tengd verkefnum og aðgerðum barnvæns sveitarfélags.

Tenging við stöðumat: Fjárpörf verkefna innleiðingu verkefnisins og daglegs reksturs



14. Bæjarhátíðir í barnvænu sveitafélagi

Veturinn 2023-2024 fór fram greining á stöðu bæjarhátíðarinnar *Írskir dagar* á Akranesi með það að markmiðið að sómi sé að í Barnvænu sveitafélagi. Farið var markvisst í að greina ógnanir og veikleika hátíðarinnar með það að markmiði að gera hana barnvænni og fjölskyldumiðaðri.

Farið var í margs konar aðgerðir til að ná markmiðunum. Má þar nefna: Aldurstakmark Lopapeysunnar (tónleika/dansleiks) var fært í 20 ár og seldum miðum fækkað. Öflug útivakt frá frístundamiðstöð Þorpinu og barnavernd var með gangandi vaktir auk bakvaktar. Betri gæsla var á tjaldsvæði og aldurviðmiðum (23 ár) framfylgt. Öflug úti- og foreldravakt.

Kostnaðargreining var framkvæmd og samþykkt aukafjárveitingu til að mæta kostnaði og til að halda úti vöktum starfsmanna félagsþjónustu og barnaverndar á föstudags- og laugardagskvöld á Írskum dögum.

Ábyrgð: Mennta- og menningarsvið og Velferðar- og mannréttindasvið

Umsjón: Starfsmenn sviða.

Tímarammi: 2024. Verklag verður fest í sessi.

Fjárförf: Kostnaður vegna starfsmanna á vakt frá félagsþjónustu kr. 449.624. Kostnaður vegna starfsmanna á vakt frá barnaverndarþjónustu kr. 524.588. Heildarkostnaður vegna aðgerðar er kr. 974.182.


Árangursviðmið: Að búa börnunum öruggara umhverfi. Verklag fest í sessi.

Tenging við stöðumat: Mat á öryggi barna í sveitarfélaginu og að stuðla að barnvænni bæjarhátíð.




15. Barna- og ungmennaping – verklag

Þróun á farsælu verklagi í tengslu við Barna- og ungmennaping sem fest er í sessi á Akranesi. Markviss undirbúningur fyrir þingið ásamt fræðslu um réttindi þeirra til að hafa áhrif, til þátttöku og um Barnasáttmálann. Undirbúningur fyrir þingið verði hluti af námskrá grunnskólanna frá 5.-10. bekk á haustin. Þingið er þrjú dagar og er aldurskipt. Ungmennaráð og nemendur úr Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi taka þátt í þinginu og eru í hlutverkum borðstjóra og ritara.



Tryggja markvissa endurgjöf á niðurstöðum þingsins og þeim aðgerðum sem sveitarfélagið vinnur að út frá hugmyndum og óskum barna og ungmenna í sveitarfélaginu.



Ábyrgð: Mennta- og menningar svið og Velferðar- og mannréttindasvið.

Umsjón: Vinnuhópur barna- og ungmennapings.

Tímarammi: 2023-2025

Fjárförf: Vinnuframlag starfsmanna sviðsins og grunnskólanna. Kostnaður við veitingar á þinginu kr. 150.000.

Árangursviðmið: Að festa í sessi markvisst verklag varðandi undirbúning og utanumhald á Barna- og ungmennapingi sem hluti af bekkjarnámskrá í báðum grunnskólunum á haustin. Markviss upplýsinga- og endurgjöf hefur farið fram til barna og ungmenna í sveitarfélaginu.

Tenging við stöðumat: Barna- og ungmennaping.



16. Samskiptavettvangur barna og sveitarfélagsins

Á dögnum 7. til 9. nóvember 2023 var haldið Barnaþing á Akranesi. Barna- og ungmennapíngið er samstarfsverkefni Akraneskaupstaðar, ungmennaráðs, grunnskólanna, fjölbrautarskólans og Þorpsins og liður í innleiðingu barnvæns sveitarfélags. Hátt í 200 börn og ungmenni úr grunn- og framhaldsskóla bæjarins tóku þátt í þinginu. Í lok þings var eftirfarandi ályktun samþykkt:

Akranes er að verða barnvænt sveitarfélag og því er mikilvægt að hlustað sé á börn og ungmenni og þeim gefið tækifæri til að tjá sínar skoðanir. Fulltrúar á þinginu óska eftir að enn frekar verði tekið tillit til þeirra skoðana og að þau fái aukin tækifæri til að hafa áhrif á mál sem varðar þau og þeirra líf.

Börn og ungmenni á Akranesi vilja meiri aðkomu að málum sem snúa að þeim. Þau vilja fá betri upplýsingar um stöðu mála, hvað á að gera og fá svör við þeim spurningum sem brenna á þeim. Þá finnst þeim einnig mikilvægt að fá tækifæri til að hafa áhrif á þær breytingar sem unnið er að í bænum. Í þessu samhengi nefna þau t.d. þær breytingar sem er verið er að vinna að í grunnskólum bæjarins vegna húsnæðisvanda, mótuneytismál skólanna, forvarnarmál, samskipti milli skólanna, aukna þjónustu tengda andlegri líðan, skipulagsmál varðandi skólanna og afþreyingarmöguleika fyrir börn og ungmenni á Akranesi.


Fulltrúar á Barna- og ungmennapínginu leggja til að skapaður verði samskiptavettvangur, þar sem börn, stjórnendur, bæjarstjórn o.fl., koma saman reglulega og ræða um mikilvæg málefni sem snúa að börnum og ungmennum á Akranesi. Vettvangur, þar sem börn og ungmenni geta komið sínum málefnum reglulega á framfæri, þar sem hlustað er á þau og þau fái upplýsingar um hvernig brugðist er við erindum þeirra og í hvaða farveg þau fara.

Einnig hvetur Barna- og ungmennapíngið bæjarfulltrúa, bæjarstarfsmenn og ábyrgðaraðila barnvæns sveitarfélags að koma reglulega í skólanna og tala við börn og unglínga þar sem þau eru.

Aðgerðin snýr að því að skapaður verði virkur samskiptavettvangur út frá ósk barna- og ungmenna.

Samskiptavettvangur – ályktun frá Barnaþingi 2023

- | | |
|---|---|
| Akranes barnvænt sveitarfélag | • Barnaþing leggur til að skapaður verður samskiptavettvangur |
| Þarf að taka einþjá meira tillit til skoðana barna/ungmenna | • Börn, stjórnendur, bæjarstjórn o.fl. koma saman reglulega |
| Meiri tækifæri að hafa áhrif | • Ræða mikilvæg málefni sem snúa að börnum og ungmennum |
| Meiri aðkoma að málum sem snúa að börnum/ungmennum | • Börn og ungmenni koma sínum málum á framfæri |
| Betri upplýsingar um stöðu mála | • Hlustað á þau |
| Betri við spurningum | • Fá upplýsingar um hvernig brugðist er við og í hvaða farveg málin fara |
| Erúð þið með hugmyndir um hvernig best er að framkvæma þetta? | • Hvetur bæjarfulltrúa, bæjarstarfsmenn o.fl. að koma reglulega í skólanna og tala við börn og unglínga sem þar eru |
| Hvert setti hlutverk ungmennaráðs að vera í þessu? | |



Ábyrgð: Öll svið ásamt kjörnum fulltrúum.

Umsjón: Vinnuhópur barna- og ungmennapings.

Tímarammi: 2023-2025

Fjárförf: Vinnuframlag starfsmanna sviðsins og kjörna fulltrúa.

Árangursviðmið: Að skapaður verði samskiptavettvangur út frá hugmyndum barna á barnþingi og í samvinnu við ungmennaráð sem festist í sessi og verður markviss og sýnilegut öllum.

Tenging við stöðumat: Barna- og ungmennþing.



17. Yfirfara stefnur og áætlanir Akraneskaupstaðar m.t.t. réttinda barna

Stefnur og áætlanir Akraneskaupstaðar yfirfarnar m.t.t. þess að taka betur mið af börnum, réttindum þeirra og fjölbreytileika ásamt því að Barnasáttmálinn verði sýnilegri.

Ábyrgð: Öll svið

Umsjón: Sviðsstjórar allra sviða.

Tímarammi: 2024-2025

Fjárpörf: Vinnuframlag starfsfólks.

Árangursviðmið: Yfirferð lokið og uppfærðar stefnur og áætlanir kynntar í lok árs 2025.

Tenging við stöðumat: Svör stýrihópsins við gátlistum UNICEF leiddu í ljós að þörf er á að yfirfara stefnumótandi skjöl m.t.t. réttinda barna.



Samantekt

Hér að ofan hafa verið teknar saman og lagðar fram 17 aðgerðir sem stýrihópur barnvæns sveitarfélags hefur forgangsraðað og myndar aðgerðaáætlun Akraneskaupstaðar vegna innleiðingar Barnasáttmálans. Ferlið frá því að samstarfssamningur um verkefnið Barnvænt sveitarfélag var gerður við UNICEF árið 2020 hefur verið langt en ákaflega lærdómsríkt og gagnlegt fyrir sveitarfélagið. Stöðumatið sem fram fór á árunum 2021 til 2023 gekk vel og einkenndist af miklu áhuga og velvilja þeirra sem að verkefninu komu. Samstarf og þátttaka ungmennaráðs var þar sérstaklega skemmtilegt og gefandi. Barna- og ungmennabing sem haldin hafa verið á tímabilinu hafa gengið framúrskarandi vel og þótt gefa bæði þátttakendum og þeim sem að þeim standa mikin kraft og aukna þekkingu þar sem í röddum barna felast mikil verðmæti. Þá hafa börn og ungmenni í sveitarfélaginu lýst því yfir að þátttaka þeirra sé nú meiri en áður og hlustað sé á þeirra raddir í auknum mæli í tengslum við ýmsar ákvarðanatökur og viðburði í sveitarfélaginu, sem er staðfestin á því að það sem á undan hefur gengið er að skila tilætluðum árangri.

Ferlið sem stýrihópur barnvæns sveitarfélags hefur farið í gegnum, frá stöðumati til aðgerða, hefur gengið nokkuð vel þó ýmislegt hafi haft áhrif á vinnslu og framgang verkefnisins. Þó er vert að taka fram að þær aðgerðir sem hér eru settar fram eru allar þess eðlis að það var strax hafist handa við að vinna að þeim, um leið og þrófin kom fram, hvort sem það var þegar svarað var gátlistum, spurningakönnunum eða á þingi eða samtölum við börn og ungmenni. Stýrihópurinn ákvað að forgangsraða aðgerðum út frá því sem helst kom fram að þyrfti að framkvæma og tengdist beint Barnasáttmálanum og sem talið var að hægt væri að koma í ferli hratt og vel. Ekki hefur reynst flókið að fá fjármagn til aðgerða, en margar aðgerðir eru þó þess eðlis að vinnuframlag og tími starfsmanna koma til móts við fjárförfina. Þannig hefur áframhaldandi áhugi og vilji þeirra sem stjórna og starfa í sveitarfélaginu til verkefnisins verið ómetanlegt afl sem hefur hrint í framkvæmt og eflt þann árangur sem þegar hefur náðst.

Mikill áhugi er á áframhaldandi fræðslu og aukinni þekkingu á réttindum og þátttöku barna í málum sem þau varða hjá Akraneskaupstað.

Í ljósi þess að allar aðgerðirnar hafa verið samþykktar og settar í framkvæmd er stefnt að viðurkenningu 2025.